

**Ed.**

**374. Frumvarp til laga**

[186. mál]

um breyting á lögum nr. 85 21. desember 1971, um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

**1. gr.**

Síðari efnismálsgr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1979.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Um síðastliðin áramót rann út frestur sá, sem ráðherra hafði heimild til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum. Þó að mikið hafi áunnist í endurbyggingu sláturhúsa, er fyrirsjáanlegt, að enn um sinn verður að leyfa slátrun í ólöggiltum húsum, þar sem slátrun verður framkvæmd á viðunandi hátt að mati yfirdýralæknis og héraðsdýralæknis.

Þer því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í slíkum sláturhúsum.